

Stjórnarfundur í foreldrafélagi Varmárskóla 11.apríl 2018.

Fundur haldinn í Varmadal kl. 19:00.

Mættir: Árný, Elísabet, Elín, Sigríður og Jón

- Umsögn um áætlun skólans

Rætt um að stjórn félagsins mælist til að útgáfu á áætlun um viðbrögð við samskiptavanda milli nemenda verði frestað í ljósi þeirrar vinnu sem er að fara af stað í samvinnu við samráðshóp og Erindi. Leggjum til að skólinn leitist við að fá ráðgjöf frá Erindi varðandi slíka áætlun. Stjórn foreldrafélagsins fagnar þeirri samvinnu sem hafin er á milli skólans og foreldra. Öll samvinna er jákvæð og af hinu góða og bundnar eru vonir við að þetta verði skólasamfélaginu farsælt.

- Fara yfir lög félagsins

Jón les upp þær breytingartillögur sem hann leggur til eftir að hafa fengið það hlutverk að koma með þær breytingartillögur sem ræddar höfðu verið á stjórnarfundum í vetur.

- Staðan á vinnu foreldrahóps og skólans

Jón upplýsir um það ferli sem hefur verið í gangi undanfarið. Fulltrúar frá skóla og foreldrum ásamt aðila frá Erindi fara nú af stað með vinnu með eineltismál.

Skólaskrifstofa hefur samþykkt að standa straum af kostnaði við þessa vinnu. Boðað verður til fundar fljótlega og Jón hefur tekið að sér að vera fulltrúi foreldrafélagsins á þeim fundi.

- Bekkjarfulltrúafundur

Hugmynd var að halda öflugan bekkjarfulltrúafund með bekkjarfulltrúum og kennurum ásamt fulltrúa frá Heimili og skóla sem er tilbúinn til að leiða slíkan fund en skólinn telur það of kostnaðarsamt og að betra sé að halda þetta að hausti. Stjórn félagsins er sammála um að halda slíkan fræðslufund í haust, í byrjun skólaárs og mun því koma því áfram til nýrrar stjórnar að þetta gæti orðið forgangsmati í byrjun næsta skólaárs.

- Skólaþing

Sigríður hefur verið að ræða hugmynd að skólaþingi við skólastórnendur og skólaráð. Hugmyndin var að halda slíkt þing í vor en því hefur verið slegið á frest til haustsins.

- Undirbúa aðalfund

Biðja endurskoðendur að lesa reikninga félagsins yfir. Elín hefur samband við þá.

Farið er yfir lagabreytingartillögur stjórnar. Jón klárar útfærsluna og sendir stjórninni til yfirlustrar.

Stefnt að því að halda aðalfund þriðjudaginn 24.apríl kl. 18:00 með fyrirlestri og veitingum.

Athuga með fyrirlestara, Elísabet athugar með fræðslufyrirlestur.

Sjá um kaup á veitingum fyrir aðalfund. Sigríður tók það að sér.

Boða bekkjarfulltrúa sérstaklega. Setjum inn á facebooksíðuna „Foreldrar í Varmárskóla“ og inn á síðuna okkar ásamt síðu skólans. Ragnheiður á skrifstofu skólans sendir á alla foreldra. Elísabet sér um þetta.

Boða verður til aðalfundar með viku fyrirvara. Formaður (Elísabet) boðar til aðalfundar.

Önnur mál:

Leggja til við nýja stórn að búa til nýtt netfang fyrir félagið og huga að sérstöku vefsvæði inn á skólavefsvæðinu. Skoða líka Facebook.

Velkomin gjöf til 1.bekkinga að hausti – ræða það við nýja stjórn. Árný sér um það.

Þátttaka í vorferð 10.bekkinga – upphæð jafngildir einni máltíð á hvern nemanda.

Þakklætisgjöf á kennarastofu – Árný sér um það

Sumargjafir til nemenda – Árný og Elín sjá um það

Greiðsla fyrir fyrirlestur á aðalfundi – Elín gjaldkeri